



2017

SKÝRSLA STJÓRNAR

Blátt  áfram



Segðu **NEI** við ofbeldi!

Landssöfnun Blátt áfram 21. apríl til 4. maí

Vertu verndari barna með Blátt áfram eins og Glowie og keyptu ljósið. Með ljósinu fylgir nýr upplýsingabæklingur Blátt áfram á minnislykli til verndar börnum.



Efnisyfirlit

Að fræða og ræða	4
Verndarar Blátt áfram.....	4
Um Blátt áfram	5
Samfélagið	8
Forvarnir	11
Starfssemin	12
Tímamót.....	14
Lykiltölur úr ársreikningi	15

Blátt áfram

Ábyrgðarmaður: Sigríður Björnsdóttir
Skrifstofa Blátt áfram er í Fákafen 9, 108
Reykjavík. Pósthólf 8411, 128 Rvk.
Sími 533 2929

Netfang: blattafram@blattafram.is
Veffang: blattafram.is

Skýrsla stjórnar í ágúst 2018



Að fræða og ræða

Þegar horft er til þróunar íslensks samfélags, allt frá aldarmótum 1900, má sjá hversu mikið samfélagið okkar hefur breyst. Eitt af því sem hafði gríðarleg áhrif fyrir rúmlega hundrað árum var að sett voru lög um fræðslu. Á þessum tíma var hugtakið skilgreint mun þrengra en gert er í dag. Fræðslulög frá árinu 1907 fjölluðu um skóla og almenna fræðslu og kváðu á um að börn 10 til 14



Elísa R. Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi.

ára væru skyldug til að fara í skóla. Einnig var kveðið á um að 7 ára börn ættu að læra að lesa og báru foreldrar barnsins ábyrgð á því. Hefur þetta eflaust þótt nokkur nýlunda á þessum tíma og sjálfsagt einhverjir ekki skilið tilgang þessa.

Í dag ræðum við um fræðslu í mun víðara samhengi og sjálfsagt þykir að allir læri að lesa. Við sem samfélag

leggjum ríka áherslu á að fræða bæði börn og fullorðna um ýmis málafni og viljum opna umræðu um flest allt milli himins og jarðar.

Blátt áfram hefur haft það meginhlutverk að fræða og ræða um kynferðisofbeldi gegn börnum, allt frá stofnun félagsins. Þetta hlutverk hefur ekki breyst heldur þóast í takt við samfélagið sem við búum í. Ábyrgðin er ætíð hinna fullorðnu, og það er okkar að ræða og fræða um kynferðislegt ofbeldi. Best væri ef að kveðið væri um það í lögum að foreldrar barns bæru skyldu til þess, með sama hætti og gert var með lestrarkennslu fyrir rétt rúmum 100 árum.

Styrkur Blátt áfram er sýnilegt afl í umræðunni og við munum halda áfram að beita okkur til að vernda börn og ungmenni í samfélaginu. Fjöldmörg verkefni Blátt áfram sýna fram á mikilvægi samtakanna, sem vaxa og dafna með hverju árinu. Fundur með verkefnisstjóra vegna breytinga á barnaverndarlögum í Velferðarráðuneytinu á vormánuðum, þar sem leitað var til stjórnarmanna Blátt áfram vegna sérfræðiþekkingar á bæði forvörnum og málaflokknum, blæs okkur byr undir báða vængi. Við munum halda áfram að ræða og fræða.

Elísa R. Ingólfssdóttir, varaformaður Blátt áfram.



Verndarar Blátt áfram

Með því að gerast Verndari barna, ert þú að auka lífsgæði fjölmargra barna.

Þú ert mögulega að skapa barni öryggi og traust og eykur lífsgæði þess auk margra barna til framtíðar. Aðild þín skiptir því Blátt áfram gríðarlegu máli. Með aðild færðu:

- *Ráðgjöf af hálfu sálfræðinga og annarra sérfræðinga sem starfa á vegum félagsins í samræmi við starfsemi félagsins.*
- *Fræðslu um forvarnir og viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi.*
- *Aðgang að námskeiðum Blátt áfram um kynferðisbrot og hvernig bregðast megi við slíkum atburðum.*
- *Aðgang að mánaðarlegum stuðningshópi fyrir foreldra og aðstandendur barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.*
- *Mánaðarlegt fréttabréf Blátt áfram um hvað sé helst á döfinni hjá félaginu.*

Flest ofangreint er veitt Verndurum Blátt áfram endurgjaldslaust. Blátt áfram starfar með fagmennsku, frumkvæði og þekkingu að leiðarljósi um leið og við gætum trúnaðar gagnvart þeim sem til okkar leita.

Vertu „Verndari barna“

Leitaðu til okkar með tölvupósti verndararbarna@blattafram.is eða í síma 533 2929. Einnig geturðu skráð þig sem **Verndari Blátt áfram** á vefslóð okkar: <http://www.blattafram.is/styrktarsida>

Um Blátt áfram

Blátt áfram eru forvarnarsamtök, stofnuð 2004. Markmið samtakanna er að stuðla að og efna til marktækra forvarna og fræðslu um kynferðisbrot gegn börnum. Þannig mótar Blátt áfram öruggari og traustari framtíð fyrir börn.

Markmið og tilgangur

Markmið samtakanna, að skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn gagnvart kynferðisofbeldi í samfélaginu og hjá fjölskyldum, hefur verið og er eitt helsta viðfangsefni félagsins frá upphafi, ekki síst í ljósi þeirra áskorana sem samfélagið stendur frammi fyrir.

Með fræðslu til fullorðinna bjóðast góðar og nothæfar leiðir til til að vernda börnin. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum, stuðlum við að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi. Því er markmið okkar að vernda börn gegn kynferðisbrotum og stuðla þannig að betri framtíð þeirra.

Blátt áfram starfar af *fagmennsku*, með *frumkvæði* og *þekkingu* að leiðarljósi. Það gerum við á ábyrgan hátt í samvinnu við einstaklinga, stofnanir og aðra sem láta málið sig varða.

Fagmennskan byggir á stöðugri öflun þekkingar og byggir á gagnreyndum upplýsingum og efni, sem við bjóðum með fræðslu og samskiptum.

Forystuhlutverk félagsins sést í því frumkvæði sem forvarnarsamtökin hafa tileinkað sér í baráttu gegn kynferðisbrotum á börnum.

Frumkvæðið sést einnig í því hvernig fengist er við aðsteðjandi viðfangsefni á farsælan og árangursríkan hátt, með hagsæld barna alltaf í öndvegi.

Samvinnu er efnt til með félögum, stofnunum og einstaklingum, bæði hér á landi og í útlöndum, sem stuðla að vernd barna gagnvart kynferðisbrotum.


Stefnumótun

Haldnir voru þrír fundir þar sem stefnumótun félagsins var skoðuð með það að leiðarljósi að hafa áhrif gagnvart hagaðilum og almenningi um forvarnir gegn ofbeldi. Endurskoðun stefnu er nauðsynleg í því skyni að félagið hafa ríka skírskotun til mála-flokksins um kynheilbrigði og til þeirra sem félagið er málsvári fyrir.

Fyrri stefna og nýjar áherslur

Stefna Blátt áfram hefur ætíð snúist um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum. Þær aðferðir sem beitt hefur verið hafa skilað árangri.

Með hefðbundnum breytingum hvað fjölmiðlun varðar, á inntaki skilaboða og tækifærum sem snýr að boðmiðlun, er viðbúið að áherslur, aðferðir og nálgun aðlagi sig að þeim. Þá vill Blátt áfram endurspegla metnað, bæði hvað faglegt starf varðar um leið og stöðugt er unnið að færri tilfellum kynferðisofbeldis. Þeir þættir sem í forgrunni verða eru: *kynheilbrigði, fræðsla, fagmennska, vernd barna og boðmiðlun*.




Áherslupættir í starfsemi Blátt áfram

Innleiðing aukins kynheilbrigðis í samfélaginu felur í sér í raun afar víðtæka nálgun hvað starfsemi Blátt áfram varðar. Að auka kynheilbrigði í samfélaginu, þar sem m.a. tekist er á við kynferðisofbeldi, er meðal helstu verkefna félagsins. Aukið kynheilbrigði innan samfélagsins er fengið með góðri fræðslu og starfinu sem sinnt er með því að skapa umræðuvettvang ofbeldisins. Það er gert með aukinni þekkingu og færni við úrlausn vandans. Við þetta er líka fengist m.a. með fræðslu til hagaðila, ráðamanna, alls kyns hópa, opinberra aðila, fjölskyldna þar sem finna má rót samfélagsins að miklu leyti. Einnig fræðslu og frekari þjónustu til polenda. Með vernd barna sem leiðarljós er stefnt að þessu.

Forvarnir byggja á hugarfarsbreytingu sem helst verður náð með upplýsingum, fræðslu og almennri boðmiðlun til þeirra sem málið snertir með einhverjum hætti.

Eftirminnilegt á árinu 2017

Árlega stendur Blátt áfram fyrir landssöfnun til að halda baráttu félagsins áfram fyrir vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Með söfnun er einnig verið að vekja athygli á alvarleika kynferðisafbrotu á börnum og að gæta þurfi að velferð barna í hvívetna. Lyklakippan í ár sem Blátt áfram bauð til sölu og telja má nýjung var að USB lykill var viðhengdur kippunni og innihélt nýtt fræðsluefni félagsins.



Söngkonan Sara Pétursdóttir, sem gjarnan er nefnd Glowie, var „andlit“ söfnunarinnar í ár.



Anna Rósa og Krista gengu í hús í Kópavogi og seldu lyklakippu.

Einn blár strengur

Blátt áfram tók þátt í ráðstefnu undir heitinu 1 blár strengur. Gítar hefur yfirleitt 6 strengi, en talið er að 1 af hverju 6 drengjum verði fyrir kynferðisbroti fyrir 18 ára aldur. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, opnaði



Sigríður og Guðrún Helga með Guðna Th. Jóhannessyni.

ráðstefnuna, bauð gesti velkomna og fjallaði um mikilvægi forvarnarstarfs af þessum toga.

Norræn samvinna

Félagið er þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni um réttindi stúlkna, Project Nordic girls Rights /WOKAD. Sigríður tók þátt í umræðu á ráðstefnu í Svíþjóð. Þar sem fjallað var um kynferðislega áreitni kvenna og stúlkna.



Sigríður tók þátt í umræðu um réttindi stúlkna og kvenna.

Mótorhjólamenning og Blátt áfram

Í annað sinn óku mótorhjólakappar hringinn í kringum landið og seldu merkið Toyrun2017 til styrktar félaginu. Blátt áfram er þakklátt þeim aðilum sem leggja sig fram til samstarfs með félaginu á þennan hátt. ■



Mótorhjólakapparnir merktu hjólin sín með fána Blátt áfram



Ráðherrar og aðstoðarmenn ásamt Guðrún Helgu.

Heimsóknir og samvinna

Á hverju ári koma erlendir aðilar og kynna sér forvarnarstarf Blátt áfram á Íslandi. Á árinu heimsóttu félagið erindrekar frá m.a Grænlandi og Lettlandi en að auki er samvinna við félög á Norðurlöndum viðhaldið með virku samstarfi. ■



Starfsfólk stofnanna sem starfa með börnum í Lettlandi



Segðu **NEI við ofbeldi!**

Landssöfnun Blátt áfram 21. apríl til 4. maí

Vertu verndari barna með Blátt áfram eins og Glowie og keyptu ljósið. Með ljósinu fylgir nýr upplýsingabæklingur Blátt áfram á minnislykli til verndar börnum.

Blátt áfram



Segðu **NEI við ofbeldi!**

Landssöfnun Blátt áfram 21. apríl til 4. maí

Vertu verndari barna með Blátt áfram gegn ofbeldi á börnum með því að kaupa ljósið. Faðu með minnislykil sem hefur að geyma nýjan upplýsingabækling Blátt áfram til verndar börnum.

#blattsfram #verndarbarna

Blátt áfram

Samfélagið

Forvarnir eru nær alltaf álitnar mun hagstæðari og árangursríkari en síðbúið inngríp. Þannig geta markvissar forvarnir aukið lífsgæði í samfélaginu á marktækan og fjölbreyttan hátt.

Forvarnir gegn kynferðisofbeldi styðja við þau gildi sem koma að uppbyggingu á heilbrigðu samfélagi, bæði í menntakerfi og heilbrigðiskerfi. Það er gert með þeim aðferðum sem koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum, minnkar vanlíðan þeirra og þess vegna vex mannauður samfélagsins, sem líður vel og nýtur lífsins og tilverunnar.

Forvarnir hafa ekki alltaf verið í forgangi meðal stjórnvalda eða hjá embættismönnum, sem samkvæmt lögum eiga að vernda börn gegn ofbeldi. Ísland hefur skyldum að gegna sem sambandsaðili að réttindum og vernd barna, samanber Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt Barnasáttmálanum hafa börn rétt á vernd gegn ofbeldi (19. gr.) og allar ákvarðanir og ráðstafanir er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu (3. gr.).

Fræðsla um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er mikilvægur þáttur í að efla vitund einstaklinga um alvarleika kynferðisofbeldis gegn börnum. Einnig upplýsir fræðslan börn um rétt sinn og veitir þeim gjarnan tilefni og tækifæri til að segja frá þannig atburði, ef þau verða fyrir slíku.

Stofnanir, skólar og aðilar sem sinna börnum á öllum aldri hafa ekki endilega faglega þekkingu á því hvernig hægt er að koma í veg fyrir kynferðisbrot. Menntun fagfólks, t.d. meðal kennara og annarra stétta, er enn nokkuð ábótavant er snýr að kynferðisofbeldi á börnum. Einnig skortir gjarnan þekkingu á fyrirbyggjandi leiðum, til að koma í veg fyrir kynferðisbrot.

Fræðsla um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er afar mikilvægur þáttur í því að upplýsa börn um rétt sinn og veitir þeim tækifæri til að „segja frá“ ef þau verða fyrir kynferðisbrotum eða upplifa það á einhvern hátt. Í dag fá flest börn í 1. – 3. bekk grunnskóla fræðslu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi. Enn eru skólar sem, að eigin vali, bjóða ekki upp á slíka fræðslu og álíta það óþarft. Leik- og grunnskólakennarar eru oft í einstaklega góðri aðstöðu til að greina ofbeldi á börnum. Því er afar mikilvægt að þeir njóti fræðslu Blátt áfram til að auka færni þeirra í að vernda börn á grunnskólaaldri.

Einhvers staðar er skrifað að heilt þorp þurfi til að ala

upp barn, en aðeins einn fullorðinn þurfi til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi á barni

Hvernig er samfélagið?

Hvernig eru forvarnir gegn kynferðisofbeldi í samfélaginu?

Íslensk stjórnvöld fullgiltu Lanzarote-samning Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna 2012. Í kjölfar þessa var verkefninu „Vitundarvakning“ ýtt úr vör með því markmiði að sinna forvörnum gegn ofbeldi á börnum (kynferðislegu, andlegu og líkamlegu,) í anda samningsins. Verkefnið „Vitundarvakning“ var því mótað og sett fram af Innanríkis-, Mennta- og menningarmála- auk Velferðarráðuneytis árin 2012–2015. Að þremur árum



Vitundarvakningar er í raun enn þörf hér á landi á þessu sviði þrátt fyrir gagnmerka og stöðuga umfjöllun samfélagsins um kynferðisbrot.

liðnum var verkefninu hætt og telur Blátt áfram það miður og bendir á að forvarnir geti aldrei orðið eða talist „átaksverkefni.“

Ábyrgð hins opinbera, bæði meðal sveitarfélaga og ríkisins, auk þeirra stofnana sem börnum sinna, er m.a. að efla þekkingu innan veggja sinna. Vitundarvakningin sem hefur orðið um heimsbyggðina, og að einhverju leyti hér á landi, sýnir að við Íslendingar erum tiltölulega stutt á veg komin hvað forvarnir gegn kynferðisofbeldi varðar.

Vitundarvakningar er í raun enn þörf hér á landi á þessu sviði þrátt fyrir gagnmerka og stöðuga umfjöllun samfélagsins um kynferðisbrot.

Blátt áfram fundar á hverju ári með stjórnvöldum og minnir á mikilvægi fræðslu og þekkingar í samfélaginu um gildi forvarna, sérstaklega á sviði kynferðisbrota. Forvarnir gegn kynferðisofbeldi þurfa því að eiga sér stað með reglulegri fræðslu. Val og ákvörðun fólks um

Segðu **NEI**
við ofbeldi!



Landssöfnun Blátt áfram 21. apríl til 4. maí

Vertu verndari barna með Blátt áfram og Glowie og keyptu ljósið. Með ljósinu fylgir nýr upplýsingabæklingur Blátt áfram á minnislykli til verndar börnum.



að láta sig málið varða getur breytt lífi fjölmargra barna. Blátt áfram vill og hefur haldið úti eins og kostur er vitundarvakningu um mikilvægi þess að foreldrar séu upplýstir um fyrirbyggjandi leiðir til að vernda börn sín. Þetta vilja samtökin efla enn frekar enda álitin ein árangursríkasta leiðin til lengri tíma lítið fyrir samfélag okkar.

Hvernig passar BÁ inn í samfélagið í dag?

Blátt áfram styður foreldra í að vernda börn sín gegn kynferðisofbeldi. Ættingjar, afar og ömmur, systur og bræður, sem hafa vitneskju eða grun um kynferðisofbeldi gagnvart börnum, en vita ekki endilega hvert eigi að leita, hafa oft samband við Blátt áfram. Er þeim þá leiðbeint með viðeigandi hætti. Þá styður Blátt áfram gjarnan við þær stofnanir sem til félagsins leita, með þjálfun og fræðslu. Blátt áfram hefur reglulega samband við skóla landsins sem börnum sinna og býður mikilvæga þjálfun og fræðslu sem reynst hefur afar vel í öllum tilfellum. Starfsfólk skólanna verður þannig upplýst um hættur sem geta verið til staðar, greint merki kynferðisofbeldis og þekkja mögulegar afleiðingar þessa. Það er gert til að hægt sé að grípa inn í aðkallandi og erfiðar aðstæður og þannig lágmarka hugsanlegan skaða sökum kynferðisbrota. Þannig leitast félagið við að auka umræðuna um kynferðisofbeldi til að auðvelda þeim sem fyrir því verða að leita sér hjálpar. Þannig veitir Blátt áfram oft mikilvægan stuðning, bæði við einstaklinga og fyrir samfélagið.

Höfum við eitthvað vægi?

Starfsemi Blátt áfram er mikilvæg við að halda umræðunni um mikilvægi forvarna á lofti. Við minnum stjórnvöld reglulega á þær skuldbindingar sem Ísland



Starfsemin skiptir miklu máli fyrir íslenskt samfélag. Þörfin er til staðar og er gríðarlega mikilvæg. Að verða fyrir kynferðisofbeldi í æsku hefur nær alltaf langtíma afleiðingar og áhrif.



Umfjöllun margra fjölmiðla um kynferðisofbeldi á börnum er mikilvægur þáttur í að upplýsa almenning og stjórnvöld um orsakir og afleiðingar ofbeldis gegn börnum.

hefur um verndun barna, samanber Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Lanzarote samninginn. Á meðan kennslu um varnir og viðbrögð við kynferðisofbeldi gagnvart börnum er ábótavant í kennsluskrá haskóla landsins er mikil þörf á fræðslu og að hún sé í boði fyrir stéttir sem starfa með börnum og unglingum.

Skiptir starfsemi okkar máli?

Starfsemin skiptir miklu máli fyrir íslenskt samfélag. Þörfin er til staðar og er gríðarlega mikilvæg. Að verða fyrir kynferðisofbeldi í æsku hefur nær alltaf langtíma afleiðingar og áhrif. Því er til mikils að vinna við að keppa að því að hafa umhverfi barna öruggt og traust.

Boðmiðlun til samfélagsins

Facebook, Blátt áfram vefsíður og Fjölmiðlar. Um 17.000 manns fylgjast með félaginu Blátt áfram á Facebook síðu félagsins. Þar birtum við ráð og leiðbeiningar, upplýsingar um starfsemi og fræðslu, og hvað sé á döfinni framundan. Vefur félagsins inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins og fræðslufni.

Umfjöllun margra fjölmiðla um kynferðisofbeldi á börnum er mikilvægur þáttur í að upplýsa almenning og stjórnvöld um orsakir og afleiðingar ofbeldis gegn börnum. Stundum er fjallað um leiðir til að annast forvarnir á virkan og áhrifaríkan hátt með fjölmiðlum. Blátt áfram leitast við að kynna fyrir þeim hvernig þeir geti haft áhrif á forvarnarstarf með því að beina sjónum sínum frá skelfilegum ofbeldisbrotum gegn börnum í að upplýsa um orsakir vandans og leiðir til að koma í veg ofbeldið.

Fjölmiðlar geta því fjallað um fleiri hliðar kynferðisbrota gegn börnum t.d. með því að greina frá mikilvægi forvarna gagnvart kynferðisofbeldi og stuðlað þannig að bættu öryggi, betri samskiptum og traustara umhverfi fyrir börn og fjölskyldur þeirra. ■

Forvarnir

Fræðsla um kynferðisbrot gegn börnum aðstoðar fólk við að greina á milli fyrirbyggjandi aðferða og leiðbeininga eftir að ofbeldið hefur átt sér stað. Forvörnum og tengdu ferli er oft og tíðum skipt í þrjú stig;

Fyrsta stigs forvarnir snúast um fræðslu til fullorðinna sem stuðlar að öruggara umhverfi fyrir fullorðna, börn og ungmenni.

Annars stigs forvarnir snúa að fræðslu til barna og gefur þeim tækifæri til að segja frá ofbeldi hafi þau upplifað það, eða verið þolendur þess. Þannig má auka lífsgæði barna með forvörn og fræðslu.

Þriðja stig ferlisins snýr að því að aðstoða þolendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Þá er mikilvægt að þolendur fái aðstoð fagfólks til að fást við og vinna úr slíkri lífsreynslu.

Fræðsla 2017

Við áætluðum að hafa frá upphafi frætt um 10% þjóðarinnar eða um 33.000 manns. En betur má ef duga skal. Fræðsla til fullorðinna fer að mestu fram til starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Heildarfjöldi þeirra sem fengu beina fræðslu frá Blátt áfram 2017 voru 3.140 manns.

277 fullorðnir gerðust Verndarar barna með því að sækja námskeið félagsins með sama heiti.

289 fullorðnir hlýddu á fyrirlestur um forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota.

46 fullorðnir mættu á kvöldfundi foreldra.

41 fullorðnir fengu kynningu og fræðslu um Bella Net sem er forvarnarfræðsla fyrir leiðbeinendur félagsmiðstöðva.

220 unglingar fengu lífsleiknifræðslu.

2261 börn í 3ja bekk í 64 grunnskólum sáu fræðsluefnið Leyndarmálið.

Fræðsla til fullorðna

Fræðsla um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Rannsóknir gefa til kynna að 17% barna hér á landi verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur en fæstir segja frá því á meðan þeir eru enn börn. Að jafnaði þurfa börn að láta vita af kynferðisofbeldi sem þau eru beitt um sjö til níu sinnum, áður

en þeim er trúð eða brugðist er við upplýsingum af hálfu fullorðinna. Fræðslan auðveldar fólki að ræða við börn og unglinga um hvar eðlilegt sé að draga mörk í samskiptum og hvaða hlutar líkamans séu „einkastaðir“ hvers og eins. Fræðslan auðveldar fólki einnig við að taka mikilvæg skref til að hjálpa barni sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi. Fólk áttar sig betur á að það er mikið í húfi fyrir barnið.



Opnir fundir fyrir foreldra og aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi

Tilgangur verkefnisins:

Er að gefa fólki í svipuðum sporum vettvang til að hittast, ræða saman og styðja hvort annað með stuðningi og leiðsögn.

Markmið:

Þjóða uppá eina kvöldstund í mánuði þar sem foreldrar (fæðingarnir) geta komist og deilt áhyggjum sínum og heyrir frá öðrum í svipuðum sporum.

Dagskrár:

Einn kvöldstund í mánuði. Opðifús á milli 19.30 - 21.30.

Umsjón:

1-2 umsjónaðilar haldra utan um fundinn í hvert sinn.

Sigríður Björnsdóttir BA sálfræði, verkefnisstjóri Blátt áfram, Anna Kristín Newton sálfræðingur, Guðrún Helga Bjarnadóttir starfsmaður Blátt áfram, Art þjálfari, leikskólakennari.

Staðsetning:

Blátt áfram, Fókalei 9.2 hæð. Sími: 533 2929 Netfang: blattafam@blattafam.is

Midvikudagar 2017

8. mars	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.	9. ágúst	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.
5. apríl	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.	6. september	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.
3. maí	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.	4. október	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.
7. júní	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.	1. nóvember	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.
5. júlí	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.	6. desember	Opðifús á milli 19.30 - 21.30.

Blátt áfram

Fræðsla fyrir börn

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa börn rétt á vernd gegn ofbeldi (19. gr.) og að allar ákvarðanir og ráðstafanir er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu (3. gr.). Fræðsla um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er þáttur í því að upplýsa börn um rétt sinn og veita þeim tækifæri til að segja frá ef þau verða fyrir slíku. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að.

Fræðsla til barna í skólum er sinnt af kennurum og starfsfólki sem hefur fengið þjálfun og fræðslu í forvörnum gegn kynferðisofbeldi og viðbrögðum við einkennum og grun um ofbeldi.

Fræðsla fyrir unglinga

Í lífsleikni fyrir unglinga í 7.-10. bekk er rætt um tíðni kynferðisofbeldis á börnum á Íslandi og fræðslu um hvað felst í tælingu, hvað beri að varast og að ofbeldi sé ekki þeim að kenna sem verði fyrir því. Ofbeldi geti gerst á milli fullorðins og barns, fullorðins og unglings

eða unglunga og barna á svipuðu reki þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum.

Ráðgjöf til foreldra og aðstandenda

Opnir fundir fyrir aðstandendur (foreldra) barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, er ný þjónusta veitt af Blátt áfram. Í því fellst hópastarf fyrir aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, er þjónustu- og stuðningsúræði sem ekki hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Fundirnir eru byggðir upp með tilteknu umræðuefni þar sem flutt eru stutt erindi eða kynning frá sálfræðingum og félagsráðgjöfum, en síðan er opin umræða að ósk foreldra.



Opnir fundir fyrir foreldra og aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi

Tilgangur: Er að gefa fólki í svipuðum sporum vettvang til að hittast, ræða saman og styðja hvort annað með stuðningi og leiðsögn.

Dagsskrá: Fyrsti miðvikudagur í mánuði kl. 19:30 – 21:30.

Umsjón: Sigríður Björnsdóttir verkefnisstjóri Blátt áfram og Anna Kristín Newton sálfræðingur.

Staðsetning: Blátt áfram, Fákafeni 9, 2. hæð.
Sími: 533 2929. **Netfang:** blattafram@blattafram.is

#blattafram #verndaribarna

Samkvæmt athugun Blátt áfram er rík þörf fyrir hópastarf af þessu tagi. Okkur er ekki kunnugt um að aðrir séu að sinna foreldrum þessara barna. Kristín Berta Guðnadóttir fjallar um það í rannsókn sinni (2014), að það er hægt að gera betur þegar kemur að stuðningi við fjölskyldur barna þegar ofbeldi kemur upp. Með þessu verkefni viljum við mæta þeirri þörf og með því vinna að forvörnum gegn ofbeldi á börnum. Foreldrar sem fá stuðning við börn sín eru betur í stakk búin til að hlúa vel að þeim.

Ráðgjöf til stofnanna, skóla, félaga og fagaðila
Ráðgjöf félagsins fyrir stofnanir felur í sér að vísa á réttar boðleiðir og styðja stofnanir við þjálfun starfsfólks. ■

Starfssemin

Starfssemin félagsins er fjölbreytt og umfangsmikil. Starfsmenn eru fjórir í tveimur stöðugildum. Sigríður Björnsdóttir, formaður félagsins og Guðrún Helga Bjarnadóttir, fræðslustjóri. Ellen Blomsterberg er bókari félagsins og María Sólbergisdóttir, endurskoðandi þess. Ráðnir voru tveir nýir starfsmenn á árinu; Íris B. Birgisdóttir og Þórléif Guðjónsdóttir.

Stjórn Blátt áfram

Formaður: Sigríður Björnsdóttir
Varaformaður: Elísa R. Ingólfssdóttir
Gjaldkeri: Elísabet Guðmundsdóttir
Ritari: Sigríður Sigurjónsdóttir
Meðstjórnandi: Anna Kristín Newton
Varamaður: Axel Jón Fjeldsted
Varamaður: Jón Axel Ólafsson

Hvernig skiptir Blátt áfram máli?

Samkvæmt skýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2017, bárust 691 tilkynning til Barnaverndarnefnda sökum ofbeldis gegn barni og 113 börn fóru í Barnahús í könnunarviðtöl eða ráðgjöf. Fræðsla eykur þekkingu og með meiri vitneskju um afleiðingar ofbeldis á heilsu og líf barna sýnir fólk frekar ábyrgð í verki, tilkynnir og lætur kanna mál barna frekar en að líta undan.

Fjáröflun

Grunnur að starfi samtakanna er lagður með fjáröflun félagsins. Fjáröflunin, meðal almennings, fyrirtækja, félaga og stofnana, er Blátt áfram nauðsynleg til að halda áfram mikilvægu starfi.

Fjárframlög frá ríkinu koma eingöngu tengd verkefnum. Rekstur félagsins byggist því að miklu leyti á árlegri landssöfnun og mánaðarlegum styrkjum einstaklinga. Árið 2017 söfnuðust aðeins um átta milljónir króna sem fengust með sölu á lyklakippu með ljósi, undir yfirskriftinni „vertu upplýstur“. Í raun lítið samanborið við mörg önnur félagasamtök, en okkur nauðsynlegt í ljósi þeirra áskorana sem samfélagið stendur frammi fyrir hvað kynferðisofbeldi varðar. Þetta er áttunda árið sem samtökin safna fé með þessum hætti, þ.e. með sölu á munum til styrktar samtökunum.

Verndarar Blátt áfram eru aðilar sem styðja félagið með mánaðarlegum framlögum. Með stuðningi sínum hjálpa þeir félaginu við að vernda börn gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Verndarar Blátt áfram fá fréttir af starfinu með mánaðarlegu fréttabréfi og stendur til boða að sitja fræðslu félagsins endurgjaldslaust.

Námskeið

Markmið námskeiðsins Verndarar barna, er að kenna einfaldar leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í mikilvægum skrefum til að auka vitneskju um það hvernig megi koma í veg fyrir ofbeldi, hvernig bregðast megi við, ásamt upplýsingum um hvernig tilkynna á um grun um ofbeldi. Rannsóknir sýna að um 17-27% barna á Íslandi verða fyrir kynferðisofbeldi og áreitni fyrir 18 ára aldur. Þessu þarf að breyta og börn þurfa á fullorðnum að halda til að stöðva ofbeldi. „Fullorðnir eru bandamenn barna í að stöðva ofbeldi, þau geta það ekki sjálf, þau eru jú börn.“



Aðilar sem sinna börnum í starfi sínu sátu Verndarar barna námskeið.

Erindi

Fyrirlestur um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis, einkenni og afleiðingar þess á börn. Í fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum til að efla samskipti kennara, foreldra og barna um viðkvæma hluti. Umræða um forvarnir við foreldra er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins. Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og öðru fullorðnu fólki, sem vinna með og/eða bera ábyrgð á börnum og unglingum. Erindið fjallar um greinamun á fyrirbyggjandi aðferðum og leiðbeiningum eftir að ofbeldið hefur átt sér stað.

Lífsleikni

Margir unglingar hafa lent í erfiðleikum og/eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eigi að bregðast við eða hvar hjálpar sé að finna. Í lífsleikni tímum er rætt við unglingana um að setja mörk í samskiptum og líkama þeirra, áfengi og vímuefni, nauðgun, einelti og varasöm samskipti í snjallsímum. Hvert er hægt að leita sér hjálpar og hvernig þau geti stutt vin/vinkonu sem segir þeim frá ofbeldi.

Þau fá fræðslu um kynferðislega áreitni og ofbeldi og hættunni á að einhver gæti reynt að fá þau til að gera

eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, reynt að tæla þau með gjöfum, með peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent á að þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel einhverjir sem þau þekkja vel. Þá er hnykkt á að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna.



Krakkar í Vogaskóla fá fræðslu um samskipti og að setja mörk.

Dæmi um spurningar sem brenna á unglingum: **Hvað á maður að gera ef enginn trúir manni? Hvernig er best að bregðast við því ef einhver segir manni? Hvað gerist eftir þetta allt, ef að aðili segir frá?**



Krakkarnir í Vogaskóla lærðu mikið um hvernig á að setja öðrum mörk í samskiptum og líkama þeirra.

Félagið heldur leiðbeinendanámskeið fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva og nefnist Bella net fræðslan og styrkir sjálfsmynd stúlkna. Leiðbeinendur í félagsmiðstöðvum eru þjálfarar til þess að halda utan um þannig hópa stúlkna. Nýir leiðbeinendurnir settu sér markmið að halda a.m.k. 30 stelpuhópa sem eru um 450 stúlkur.

Teiknimynd

Leyndarmálið er tekið til sýninga árlega fyrir flest börn í 3. bekk grunnskóla. Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum í teiknimynd og umræður eru að lokinni sýningu.

Alls hafa 2261 barn í 64 skólum séð teiknimyndina og fengið bókamerki frá Blátt áfram. Ekki hafa fengist viðbrögð frá öllum skólum við sýningu teiknimyndarinnar eða af verkefninu og því ekki vitað hvort fræðslan hafi átt sér stað í þeim skólum með fullnægjandi hætti.

Foreldrahópur

Nýtt verkefni fór af stað í vetur hjá Blátt áfram. Stuðningshópur foreldra og aðstandenda barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi er mótaður. Tilgangur verkefnisins er að gefa fólki í svipuðum sporum vettvang til að hittast, ræða saman og styðja hvert annað með stuðningi og leiðsögn Blátt áfram. Markmiðið er að styðja við foreldra og efla þá í að takast á við það að eiga barn eða hafa átt barn sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Í

Þau óska eftir og biðja um leiðbeiningar og hjálp varðandi kynferðisofbeldi á börnum.

Einstaklingar sem hafa samband við félagið eru oft ráðþrota og vantar leiðsögn auk stuðnings þegar upp kemst um kynferðisofbeldi á börnum. Foreldrar þurfa að fá að vita hver eru mögulega næstu skref í málinu t.d. þegar barn þeirra fer í viðtal í Barnahúsi. Stuðningur við foreldra er almennt lítill þar sem meðferðaraðilar sinna barninu fyrst og fremst. Árangur meðferðar fyrir barnið er oftast en ekki bundinn við stuðning sem foreldrið getur veitt barni sínu. Því er mikilvægt að foreldrar séu þátttakendur í ferlinu. Málin eru misjöfn eins og þau eru mörg og þegar foreldrar eða aðstandendur eiga hlut að máli þarf að haga málum með hliðsjón af því.

Starfsfólk og kennarar sem ekki fá liðsinni eða stuðning við að tilkynna grun sinn um ofbeldi gegn barni innan skólans hafa gjarnan samband til að fá fullvissu um að þeim beri að tilkynna grun. Eins og hér kemur fram er mikilvægt að ofbeldi sé stöðvað, utan eða innan stofnunar, og því ber að tilkynna til barnaverndarnefnda um slíkan grun.

Sum mál eru ekki tilkynnt vegna ótta fullorðinna um að ásaka einhvern ranglega. Hafa ber í huga að aðeins er verið að tilkynna um grun, vegna vanlíðunar eða breyttrar hegðunar barnsins. Barnavernd sér svo um að meta hver hefur brotið gegn barninu. ■



Leiðbeinendur foreldrahópsins undirbúa veturinn. Anna Kristín, Erla, Guðrún Helga, Sigríður, Sverrir og Sigríður Jóna.

stuðningshópunum er unnið með þær erfiðu tilfinningar sem foreldrar fara í gegnum, sjálfsmynd foreldra er eflað og foreldrum veittar þær upplýsingar sem þeir þurfa varðandi úrræði fyrir barn sem hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Leitast er við að mæta hverjum og einum á einstaklingsmiðaðan hátt, því þó allir séu að takast á við sama vandann eru einstaklingar ólíkir og því með ólíkar þarfir og væntingar. Umsjónaraðilar verkefnisins eru sálfræðingar.

Ráðgjöf

Ráðgjöf í gegnum síma, Facebook, tölvupóst eða viðtöl: Margskonar erindi berast félaginu á hverju ári. Þau berast í síma, með samfélagsmiðlum og með tölvupósti þar sem einstaklingar og starfsfólk stofnana óska eftir ráðgjöf.

Tímamót

Hafinn er undirbúningur að ráðstefnu sem haldin verður 31. ágúst 2018 í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Þar munu m.a. þrír erlendir sérfræðingar fjalla um forvarnir gegn kynferðisbrotum.

Einnig er stefnt að útgáfu á íslensku kennsluefni fyrir fullorðna, Verndarar barna. Efnið gegnir mikilvægu hlutverki í fræðslu félagsins til starfsfólks sem starfar með börnum.

Aukin umræða er um orsök og afleiðingar áfalla á líf og heilsu fólks. Því má telja aukna þörf vera til staðar í að veita fólki góða þjálfun, m.a. til að grípa inn í aðstæður þegar börn greina frá kynferðisbrotum sem þau verða fyrir. ■

Lykiltölur úr ársreikningi

1. Upplýsingar um samtökin

Blátt Áfram, forvarnarverkefni er sjálfstætt starfandi samtök með starfsstöð að Fákafeni 9, Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4. tl. 4. gr. Laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

2. Rekstrarreikningur*

	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Tekjur						
Styrkir og aðrar tekjur	15.461	8.869	6.740	5.676	3.549	8.936
Landssöfnun	2.241	8.900	15.557	10.996	12.210	16.048
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	13.982	11.192	10.744	10.233	7.214	6.682
Húsnæðiskostnaður	1.950	1.620	1.559	1.562	1.496	1.419
Vitundarvakning, auglýsingar og ráðstefna	347	206	79	4.231	2.660	1.645
Annar kostnaður	4.733	4.898	5.301	7.435	9.282	3.936
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(54)	57	30	176	229	(23)
Rekstrarafkoma	(3.363)	(91)	4.446	(6.612)	(4.664)	11.280

3. Efnahagsreikningur í árslok

Eignir	10.423	10.349	10.495	9.018	13.194	16.472
Skuldir	4.553	1.115	1.171	4.139	1.703	317
Eigið fé	5.871	9.142	9.324	4.879	11.491	16.155

*Allar fjárhæðir í þúsundum króna



Nei!

við ofbeldi gegn börnum

Landssöfnun Blátt áfram 21. apríl til 4. maí

Segðu **NEI** við ofbeldi gegn börnum og vertu vverndari barna með Blátt áfram eins og Glowie og keyptu ljósið. Með ljósinu fylgir nýr upplýsingabæklingur Blátt áfram á minnislykli til verndar börnum.

[#bláttáfram](#) [#verndaribarna](#)

